



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

50. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í kennarastofunni þriðjudaginn 15. júlí 1980 og hófst hann kl. 17⁰⁰.

Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Hreinn Ásgrímsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnþórsson, Sævar Guðbergsson, Jón Böðvarsson, Ingólfur Halldórsson og Sturlaugur Ólafsson.

Þetta gerðist:

I. Formaður, Gunnar Sveinsson, rakti gang mála varðandi kaup á verk-staðishúsi Einars Gunnarssonar að Iðavöllum 1 í Keflavík. Hann upplýsti að Einar Gunnarsson hefðu hafnað tilboði því sem lýst er í 49. fundargerð. Hefði þá slitnað upp úr viðræðum milli skólanefndar og Einars. Greindi formaður síðan frá fundi sem hann og skólameistari áttu með Indriða H Þorlákssyni, deildarstjóra byggingadeildar menntamálaráðuneytis og Brynjólfi Sigurðssyni, hagsýslustjóra. Var þar ákveðið að þeir ráðuneytismenn leituðu samninga við Einar. Á fundi sem aðurnefndir ráðuneytis-menn sátu, ásamt Þorsteini Geirssyni, skrifstofustjóra fjármálaráðuneytis, með Einari Gunnarssyni varð svohljóðandi samkomulag:

Kaupverð sé 150 milljónir sem þannig greiðist:

1. ágúst 1980: 35.000.000 ; 1. nóvember 1980: 25.000.000 ; 1. febrúar 1981 25.000.000 ; 1. maí 1981: 27.500.000.

37.500.000 greiðist með skuldabréfi til fjögurra ára með 18% vöxtum.

Gjald dagar verði fjórir: 1. ágúst 1981, 1982, 1983 og 1984. – 9.375.000 greiðist í hvert sinn að viðbættum vöxtum af skuldinni.

Afhenda skal 150 fermetra af eigninni 1. ágúst 1980, en meginhlutann eigi síðar en 1. mars 1981. Einar greiði 500.000 króna leigu frá kaupdegi til 1. mars 1981.

Sveitarfélögin geri kaupsamninginn af hálfu eignaraðila FS.

Formaður skýrði frá að honum og skólameistara hafi verið tilkynnt um þetta samkomulag símleiðis. Gagnrýndi hann vinnubrögð ráðuneytismanna við gerð samkomulagsins og kvað það ekki bindandi fyrir sveitarfélögin. Eftir miklar umræður samþykkti skólanefndin einróma að leggja til að sveitarstjórnirnar staðfesti samkomulagið. Nefndarmönnum var falið að kynna það bæjarstjórnnum eða hreppsnefndum í sínum byggðarlögum og óska eftir umboði til þess að undirrita samkomulag á þessum grundvelli. Boðaður var skólanefndarfundur til þess að taka bindandi ákvörðun miðvikudaginn 23. júlí 1980.

II. Aðstoðarskólameistari skýrði frá að farið hafi fram lokað útboð á smíði innréttinga í eðlisfræðistofu. Bárust þrjú tilboð, svohljóðandi:

1. Kr. 4.500.000 frá Trébæ s.f.
2. Kr. 6.900.000 frá Sveini og Þórhalli
3. Kr. 8.500.000 frá Herði h.f.

Samþykkt var að taka lægsta tilboði. Verkinu skal ljúka fyrir 1. september 1980.

III. Skólameistari skýrði frá því að umsóknarfresti um lausar kennarastöður við skólann sem auglýstar voru í Lögbirtingablaði nr. 51/1980 hafi lokið 7. júlí. Menntamálaráðuneytinu bárust 17 umsóknir í tæka tíð. Voru þær kynntar og ræddar - ásamt umsókn frá Konráði Ásgrímssyni sem skólameistari fékk í hendur áður en umsóknarfresti lauk en varð viðskila við aðrar umsóknir sem sendar voru beint til skólans og héðan til ráðuneytisins.

Umsækjendurnir 17 voru:

Anna Lea Björnsdóttir (íþróttir), Birgir Þór Guðmundsson (sálarfræði og félagsfræði), Erlingur Ólafsson (saga, íslenska), Garðar Gíslason (félagsfræði), Gísli Torfason (stærðfræði), Guðmundur Sigurðsson (íþróttir), Guðni Kjartansson (íþróttir), Jens Guðjón Einarsson (íþróttir), Jórunn Tómasdóttir (enska), Kristján Loftsson Guðlaugsson (sagnfræði), Magnús Haraldsson (sagnfræði), Matthías Sæmundsson (íslenska), Olga Lísu Garðarsdóttir (íþróttir), Sumarrós Sigurðardóttir (danska, enska), Úrsúla Koller (raungreinar, þýska) og Þórunn Magnúsdóttir (sagnfræði).

Samþykkt var að mæla með umsóknum Önnu Leu Björnsdóttur, Guðna Kjartanssonar, Matthíasar Sæmundssonar og Sumarrósar Sigurðardóttur. Frestað var til næsta fundar afgreiðslu á umsóknum um sögu- og stærðfræðikernslu.

Skólameistara og formanni skólanefndar var falið að tilkynna menntamálaráðuneytinu þessa niðurstöðu.

Í tengslum við umræður um kennararáðningar var fjallað um starfsemi ýmissa námsbrauta næsta vetur. Samþykkt var að starfrækja hvorki hársnyrtibraut né vélstjórnarbraut næsta vetur vegna þess hve fáar umsóknir hafa borist um nám þar að þessu sinni. Fagkennarar á þessum brautum verða því ekki endurráðnir næsta vetur.

IV. Skólameistari skýrði frá því að sangöngumálaráðherra hafi skipað fimm manna nefnd til þess að endurskoða gildandi reglugerðarákvæði um flugnám.

Í nefndinni eiga sæti: Birgir Guðjónsson, deildarstjóri í sangöngumálaráðuneyti og er hann formaður hennar, en auk hans Jóhannes Georgsson og Jón Böðvarsson frá FS og Pétur Einarsson og Skúli Jón Sigurðsson frá flugmálastjórn.

V. Skólameistari skýrði frá fundum um málefni heilsugæslubrauta sem fram hafa farið í því ráðuneyti að undanförmu og hann hefur sótt af hálfu fjölbrautaskóla. Á fundi sem Arnmundur Bachman, aðstoðarráðherra, og Ingibjörg R Magnúsdóttir sátu af hálfu ráðuneytisins varð að samkomulagi að FS skrifaði ráðherra

III

og fari þess formlega á leit að Sjúkraliðaskólinn í Reykjavík verði framvegis starfræktur á líkan hátt og Fiskvinnsluskólinn- annist og skipuleggi verklega þætti sérnáms, en ekki bóklega kennslu í almennum námsgreinum.

VI. Skólameistari las upp svohljóðandi bréf frá Iðnfræðsluráði, dagsett 23.06.1980:

"Um: Rekstur "meistaraskóla" við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík.

Iðnfræðsluráð mælir með því við ráðuneytið að það heimili Fjölbrautaskóla Suðurnesja að reka löggildingarnámskeið fyrir byggingameistara á samsvarandi hátt og nú er gert við iðnskólann í Reykjavík og Iðnfræðsluráð hefur áður mælt með að yrði leyft við fjölbrautaskólana á Akranesi, Sauðárkróki og iðnskólann á Akureyri.

Þar sem ekki liggur fyrir staðfest námsskrá mælir ráðið með því að fullt samráð verði haft við iðnskólann í Reykjavík um námsgreinar, stundafjölda þeirra og kennsluinnihald.

Iðnfræðsluráð er nú að láta útbúa áfangalýsingar fyrir slíka meistaraskóla og mun senda þær til aðila jafnskjótt og þær liggja fyrir."

Skólanefndin fól aðstoðarskólameistara að fylgja máli þessu eftir.

Fleira var ekki gert og fundi því slitið.

Jón Hólmgeirsson og Jón Böðvarsson sömdu fundargerðina.